

Sp.

51. Tillaga til þingsályktunar

[48. mál]

um umfjöllun þingnefnda varðandi reglugerðir.

Flm.: Helgi Seljan.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að lögbinda með einhverjum hætti þá skipan, að reglugerðir allar, sem skipta meginmáli um nánari útfærslu nýrra laga, hljóti umfjöllun þeirra þingnefnda, sem um lögin hafa áður fjallað, og hljóti þær ekki staðfestingu ráðherra fyrr en þeirri umsögn er lokið.

Greinargerð.

Það færist æ í vöxt varðandi lagasetningu alla, ekki síst hvað snertir hin veigameiri mál og flóknari, að þar sé sagt, að nánari ákvæði skuli sett í reglugerð. Reglugerðirnar eru svo unnar af viðkomandi ráðuneytum, embættismönnum þar, og er best lætur til þess skipuðum starfshópum.

Nú er það staðreynd einnig, að gerð lagafrumvarpa er að verulegu leyti í höndum embættismanna í stjórnkerfinu og þá ýmissa sérfræðinga í viðkomandi grein. Það er síður en svo, að flutningsmaður lýsi sérstakri vanþóknun eða vantrausti á framlag þessara aðila sem oft er hið ágætasta. En áhrifavald þeirra er óneitanlega mjög mikið og vekur ýmsar spurningar.

Fyrir löggjafann sjálfan, Alþingi, eru hér viss hættumerki á ferð, ekki síst þegar þess er gætt, að nefndir þingsins hafa oft skamman tíma til athugunar á þingmálum og kalla þá gjarnan til ráðuneytis þá sömu embættismenn og sérfræðinga sem að frumvörpunum stóðu eða áttu verulegan þátt í samningu þeirra.

En skammur tími og ónóg athugun valda því oft, að þingnefndir fallast á að hin og þessi atriði, sem jafnvel skipta verulegu máli í túlkun laganna, séu leyst með reglugerð.

Nú fylgja lagafrumvörpum bæði greinargerð og athugasemdir við einstakar greinar sem eiga að taka af nokkur tvímæli um túlkun og þá nánari útfærslu í reglugerð. Sama má segja um framsöguræðu viðkomandi ráðherra, þar sem oft kemur fram nánari skýring á anda og tilgangi einstakra frumvarpsgreina. Í nefndarálitum þingnefndanna er oft vikið að einstökum atriðum og túlkun þingnefndanna á þeim.

Allt ætti þetta að vera nokkur trygging fyrir því, að reglugerðir færu í engu út fyrir ramma og anda laganna. Þó eru ævinlega á ferð ýmis þau atriði — einkum í hinum viðameiri málum — þar sem vafi kann að leika á um túlkun, og þá sker reglugerðin úr um það. Vissulega þarf ráðherra að staðfesta reglugerðina og hann getur því einnig haft hér áhrif.

En miklar annir ráðherra geta líka valdið því, að reglugerðir fái ekki nægilega vandaða skoðun hans og hann skrifi undir og staðfesti reglugerðina án þess að allt sé þar fyllilega frá gengið svo sem hann vildi hafa.

Vangaveltur þessar breyta hins vegar engu um þá meginstaðreynd, að það er Alþingi sem ábyrgðina ber, og það á ekki og má ekki afsala sér henni til embættismanna, sérfræðinga eða annarra, sem úrskurða um oft mikilvæg og viðkvæm túlkunatriði. Alþingi á því með einhverjum hætti að fjalla um allar meiri háttar reglugerðir, jafnvel allar, og eðlilegast hlýtur að vera að það sé falið þeim þingnefndum, sem tóku lagafrumvörpin til meðferðar og skoðunar.

Þetta kallar hins vegar á aukið starf þingnefnda og er það þó ærið hjá mörgum þeirra.

Óhjákvæmilegt yrði því að þingnefndir störfuðu utan þingtíma. Yrði það eflaust annmörkum háð, en þá yrði að yfirstíga.

En til þess að þingnefndir störfuðu að einhverju leyti yfir sumartímam þyrfti einnig að breyta þingsköpum þannig að umboð þeirra gildi frá þingi til þings, en það er raunar sjálfsgöð breyting, m. a. með tilliti til virkari þátttöku þingnefnda í samningu lagafrumvarpa.

Flutningsmanni er ljóst, að þingmönnum er mikil nauðsyn á því að nýta sumartímam til ferðalaga um kjördæmi sín og halda þannig sem bestum tengslum við kjósendur. En með góðu skipulagi ætti að vera kleift að taka ákveðinn tíma til þess fyrir þingnefndir eða undirnefndir þeirra að fást við þetta ákveðna verkefni sem hér er um fjallað.

Nánari grein verður gerð fyrir þessu máli í heild í framsögu, en aðalatriðið er að löggjafinn, Alþingi, gæti þess, að andi þeirra laga, sem samþykkt eru, haldist sem allra best í allri túlkun gagnvart þeim sem við lögina eiga að búa eða þeirra að njóta.